

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumanns- 75
 ins í Strandasýslu um flutning þingstaðar. 12. des.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi dags. 18. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Kirkjubólshreppi, veitir ráðuneytið hjermeð samþykki sitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Kirkjubóli að Heydalsá, enda annist hreppsnefndin um það, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

REGLUGJÖRÐ

um

bann gegn innflutningi á óþörfum varningi.

76
7. maí

Samkvæmt heimild í lögum nr. 1, 8. mars 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði um bann gegn innflutningi slíks varnings.

1. gr.

Eftir greindar vörutegundir er bannað að flytja til landsins:

- a. Fiskmeti, nýtt, saltað, hert, reykt eða niðursoðið. Kjötmeti og pylsur, nýtt, saltað, þurkað, reykt, eða niðursoðið. Niðursoðnir, syltaðir og sykraðir ávextir. Ávaxtamauk, hnetur, makrónudeig. Kaffibrauð allskonar og kex, annað en matarkex. Lakkrís, síróp, hunang, brjóstsykur, karamellur, konfekt, marsipan. Limonaði, sóðavatn, óáfeng vín, Ilmvötn, hárvötn, hársmyrsl. Baðlyf. Lifandi jurtir og blóm, tilbúin blóm, jólatrje og jólatrjeskraut. Tilbúin stofugögn og hlutar úr þeim. Loðskinn og fatnaður úr þeim, skinntreyjur og skinnvesti, silkihattar, floshattar, hanskar, reiðtýgi, töskur, veski og aðrar vörur úr skinni, lakkskór, silkiskór, flosskór, sóhlífar, kniplingar, silki og silkivarningur. Fiður, dúnn, skrautfjaðrir. Veggmyndir, myndabækur og myndarammar, rammalistar, glysvarningur og leikföng allskonar, flugeldar og flugeldaefni. Hljóðfæri allskonar og grammófónplötur. Úr, klukkur, gullsmíðisvörur, silfursmíðisvörur, plettvörur, gimsteinar og hverskonar skrautgripir, eirvörur, nýsilfurvörur, nikkelvörur. Legsteinar.

- 76** b. Smjör, smjörlíki og allskonar feitmeti nema til iðnaðar. Ostur allskonar.
7. mat. Egg ný og niðursoðin, eggjaduft. Niðursoðið grænmeti. Nýir og þurkaðir ávextir, nema þurkuð epli, sveskjur, aprikósar og ferskjur, bláber og kirsuber. Öl, ölkelduvatn, ávaxtasafi (saft). Súkkulaði. Efni til brjóstsykurs- og konfektgerðar. Kerti, vagnáburður, skóáburður, gólfáburður, leðuráburður og fægiefni hverskonar. Sápa, sápuspæni, sápuduft. Sjónaukar, ljósmyndavjalar og hlutar í þær. Bifreiðar, bifhjól, reiðhjól og varahlutar í þau tæki. Hurðir, gluggar og húsalistar. Allar vefnaðarvörur, sem verðtollur er lagður á og ekki eru áður nefndar og tilbúinn fatnaður sem ekki er áður talinn. Speglar og glervörur aðrar en rúðugler og vatnsglós. Postulínvörur allskonar. Brjefspjöld.

2. gr.

Nú telur einhver vera vafa á því, hvort vara sú, er hann vill flytja til landsins, falli undir ákvæði 1. gr. og getur hann þá leitað úrskurðar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins um það og er það fullnaðarúrskurður sem og aðrir úrskurðir þess út af ágreiningi um skilning á ákvæðum reglugjörðar þessarar.

3. gr.

Nú telur einhver sjer nauðsynlegt að flytja til landsins einhverja af vöruhegundum þeim, er greindar eru í 1. gr. og getur hann þá leitað til þess leyfis atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins. Innflutningsleyfi á vörum þeim, sem taldar eru í 1. gr. staflíð a. verður þó ekki veitt nema ómissandi þykji og á vörum þeim, sem taldar eru í staflíð b. ekki nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi.

4. gr.

Lögreglustjórar skulu hver í sínu umdæmi hafa gætur á því að fyrirmælum reglugjörðar þessarar sje stranglega fylgt, og er þeim heimilt að setja þær reglur og gera þær ráðstafanir hjer að lútandi sem þurfa þykir.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. reglugjörðar þessarar varða sektum alt að 100,000 krónur.

6. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

7. gr.

76

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi og fellur jafnframt úr gildi reglu- 7. maí.
gjörð 14. mars 1924 um sama efni.

Þetta er hjermeð birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. maí 1924.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

REIKNINGUR

77

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Friðriks konungs áttunda árið 1923.

T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1923 B., bls. 274):			
a. Bankavaxtabrjef	kr.	12000 00	
b. Í Landsbankanum	—	555 65	
		<hr/>	kr. 12555 65
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	540 00	
b. Af bankainnstæðu	—	40 22	
		<hr/>	— 580 22
3. Ágóði af kaupum bankavaxtabrjefs	—	200 00	
		<hr/>	Kr. 13335 87

G j ö l d :

1. Styrkur veittur Árna Einarssyni, Múlakoti,	kr.	150 00	
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Bankavaxtabrjef	kr.	13000 00	
b. Í Landsbankanum	—	185 87	
		<hr/>	— 13185 87
		<hr/>	Kr. 13335 87

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 20. júní 1924.

Oddur Hermannsson.